

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrahrepps nr. 245/1990.

1. gr.

2. mgr. 12. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

56. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn (hrepstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara sbr. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer jafnframt með málefni umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
2. *Félagsmálanefnd* samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hreppsnefnd Flateyrahrepps kýs þrjá nefndarmenn og jafnmarga til vara, en hreppsnefnd Mosvallahrepps kýs tvo fulltrúa í nefndina og tvo til vara. Félagsmálanefnd eru falin verkefni þjónustuhóps aldraðra, sem jafnframt annast málefni öldrunarnefndar skv. lögum nr. 82/1989 um málefni aldraðra, áfengisvarnarnefndar skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og leikskólanefndar skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
3. *Húsnaðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga um Húsnaðisstofnun ríkisins nr. 97/1993.
4. *Hafnarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
9. *Stjórn heilsugæslustöðvar og Sólborgar*. Hreppsnefnd Flateyrahrepps skal kjósa tvo menn í stjórn heilsugæslustöðvar og hreppsnefnd Mosvallahrepps kýs einn fulltrúa skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
10. *Búffjäreftirlitsmann* skv. 9. gr. laga um búffjárhald nr. 46/1991.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Veiðistjóri*. Kjósa skal einn mann til að annast veiði minka og refa í landi Flateyrahrepps.
13. *Bókasafnsnefnd*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningubókasöfn.

14. *Stjórn Maríusjóðs*. Kjósa skal einn fulltrúa og annan til vara. Heilsugæslulæknir er sjálfkjörinn. Hreppsnefnd Mosvallahrepps tilnefni einn fulltrúa. Kosning í stjórnina er samkvæmt ákvæðum í reglugerð sjóðsins, sem var stofnaður til minningar um Maríu Össurardóttur ljósmóður. Málafni sjóðsins heyra að öðru leyti ekki undir starfssvið hreppsnefndar.
15. *Stjórn Minjasjóðs Önundarfjarðar*. Kjósa skal einn fulltrúa í stjórn sjóðsins skv. erindi frá stjórn Sparisjóðs Önundarfjarðar.
16. *Héraðsnefnd*. Kjósa skal einn fulltrúa í héraðsnefnd og annan til vara skv. samþykktum Héraðsnefndar Ísafjarðarsýslu.
17. Kjósa skal tvo fulltrúa til setu á þingum *Fjórðungssambands Vestfirðinga* og jafnmarga til vara skv. samþykktum um fjórðungssambandið. Kjörtímabilið er tvö ár í senn.
18. Kjósa skal einn fulltrúa og annan til vara til setu á landsþingi *Sambands íslenskra sveitarfélaga*, sem haldið er að hausti að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
19. *Ferðamálanefnd*. Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá til vara í ferðamálanefnd.

Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu er falið að kjósa sameiginlega barnaverndarnefnd skv. lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna fyrir sveitarfélögin í Ísafjarðarsýslu.

Ennfremur skal hreppsnefnd ráða sér löggiltan endurskoðanda til uppsetningar á reikningum sveitarfélagsins, lögfræðing(a) til að annast innheimtu opinberra gjalda í vanskilum, byggingarfulltrúa til starfa með byggingarnefnd og slökkviliðsstjóra, sem skal annast yfirstjórn slökkviliðs og æfingar þess.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 435

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1993.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1993.

	kr.
<i>Tekjur</i>	
Vextir af bankainnstæðum	2.184,64
	<u>2.184,64</u>
<i>Gjöld</i>	
Tekjur umfram gjöld	2.184,64
	<u>2.184,64</u>